

## SAMKOMULAG UM TILTEKIN NOT

### 1. Efni samkomulags

\_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_ (notanda) fær framseldan afnotarétt/einkarétt (merkja við hvort um ræðir) til að nota verkið \_\_\_\_\_ (nafn verks) eftir \_\_\_\_\_ (höfundur eða listamannsnafn) í starfsemi sinni. Höfundur eða höfundaréttshafi er \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_ (höfundaréttshafi).

### 2. Hugverk og höfundaréttur – notkun og miðlun

Höfundaréttshafi á allan höfundarétt á þeim hugverkum sem um er fjallað í samningi þessum.

Notandi fær einungis notkunarrétt á hugverkunum eins og hann er skilgreindur í 1.gr. hér að framan. Þessi réttindi ná til notkun á verki höfundar í þessum tilfellum (tiltaka td not á heimasíðu, samskiptamiðlum, prent, söluvöru, útgáfu, kvikmyndaverk, osfrv):

\_\_\_\_\_

Öll önnur notkun er óheimil, nema með samþykki réttshafa og eftir atvikum sérstökum greiðslum.

Framsali á réttindum eftir samningi þessum er óheimil og notkun þriðja aðila á hugverkunum er einnig háð samþykki höfundar. Skal þá semja við höfundaréttshafa/Myndstef í hverju tilviki fyrir sig.

Notandi skuldbindur sig til þess að geta nafns höfundar við hverskonar nýtingu hugverkanna þegar því verður við komið.

Höfundaréttshafi ábyrgist að notkun efnis og aðrir þættir í myndverkunum brjóti ekki í bága við réttindi þriðja aðila, og staðfestir hann gagnvart notanda að hann fari með þau réttindi sem heimila not gegn sannalegu framsali þess efnis, innan þeirra forsenda sem hér er samið um, og heldur framsalshafa skaðlausum af þeim kröfum sem kunna að koma fram vegna höfundaréttar verkanna

### 3. Tímabil og svæði

Samkomulag þetta gildir í \_\_\_\_\_ ár og er svæðið \_\_\_\_\_.

### 4. Þóknun

Þóknun vegna vinnuframlags/launa er \_\_\_\_\_

Þóknun vegna notkun höfundaréttar samkvæmt samningi þessum er \_\_\_\_\_

SAMTALS: \_\_\_\_\_ Öll umfram notkun krefst nýs samkomulags og greiðslna.

### 5. Aðilaskipti og framsal

Notanda er óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur til þriðja aðila nema með samþykki höfundar, og hið sama á við um aðilaskipti, samruna eða stofnun dótturfyrirtækis notanda. Hætti notandi starfsemi sinni m.a. vegna gjaldþrots, hverfa réttindi hans samkvæmt samningi þessum endurgjaldslaust til höfundaréttshafa.

### 6. Vanefndir

Ef notandi vanefnir verulegar skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum skal hann hætta notkun tafarlaust, sem og greiða skaðabætur ef við á. Notandi ber ábyrgð á að verk höfundar séu fjarlægð af öllum notkunarmiðlum og svæðum sem verkið hefur birst í skjóli þessa samnings.

### 7. Lög og gildandi réttur

Að öðru leyti en að ofan greinir gilda ákvæði höfundarлага nr. 73/1972 með áorðnum breytingum.

### 8. Lögsaga

Samkomulag þetta er gert í tveimur samhljóða eintökum og því til staðfestu rita aðilar nöfn sín hér undir í votta viðurvist. Ef ágreiningur verður skal reka mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

(Staður) \_\_\_\_\_ (dags)

\_\_\_\_\_ f.h. notanda

\_\_\_\_\_ Höfundur

© Myndstef

Eintakagerð er óheimil nema með samþykki Myndstefs – [Myndstef@myndstef.is](mailto:Myndstef@myndstef.is)

Frekari upplýsingar um rétt myndhöfunda má finna á [www.myndstef.is](http://www.myndstef.is)